

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Tjarnargata 33-37, Hálsasel 27-29, Brekkuhús 3 og Maríubaugur 3.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. október 2015 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur 27. ágúst 2015.

Í breytingunni er leiðrétt skilgreining á landnotkun á lóðunum Tjarnargötu 33-37, Hálsaseli 27-29, Brekkuhúsi 3 og Maríubaug 3.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 6. október 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*